

Föstudaginn 9. okt. 1931.

Nr. 66/1931. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Jóni Jónssyni (Garðar Þorsteinsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. maí 1931: Kærður, Jón Jónsson, sæti 150 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið æfilangt.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómarinn hefir réttilega heimfært afbrot kærða undir 20. gr. áfengislaganna, nr. 60 1930 og 5. gr., sbr. 14. gr. bifreiðalaganna nr. 56, 1926, sbr. nú lög nr. 70, 1931, og með því að fallast verður á ákvæði lögregluréttardómsins um sekt, vararefsingu, svifting ökuleyfis og málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað. Kærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna

Bjarna Þ. Johnson og Garðars Þorsteinssonar,
40 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lög-
um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Jónssyni, kaupmanni og bifreiðarstjóra, til heimilis að Laugavegi 28 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum afengisлага nr. 64, 1930 og laga nr. 56, 1926 um notkun bifreiða, og eru málavextir eftirfarandi.

Hinn 11. maí s. l. kl. um 11 síðdegis sá Ingólfur Þorsteinsson, lögregluþjónn, kærðan aka mótorhjólinu R.E. 427, vestur hafnarbakkann og síðan upp Grófina, en er hann var kominn rétt upp fyrir Geirsgötu, féll hjólið á hliðina og kærður af því. Gekk þá lögregluþjónninn til kærðs og sá, að hann var áberandi ölvaður og færði hann því á lögleglustöðina.

Kærður hefir jatað framangreint rétt vera, og er það sannað, að hann hafi ekið bifhjólinu R.E. 427 ölvaður umrætt skipti, og því að álit dómarsans brotið gegn 5., sbr. 14. grein laga nr. 56, 1926 um notkun bifreiða, og 20. grein afengislaganna nr. 64, 1930, og þykir refsing hans sem hinn 15/9 1931 með dómi lögregluréttar Reykjavíkur var felldur í 150 króna sekt og sviftur ökuleyfi í 6 mánuði, fyrir að aka bifreið ölvaður, hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í stað sektarinnar í 12 daga, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviftur ökuleyfi sínu æfilangt.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

